

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



AÐALFUNDUR 24. FEBRÚAR 2022





SKÝRSLA STJÓRNAR GV STARFSÁRIÐ 2021

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA

Á aðalfundi GV 24. febrúar 2021 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn GV starfsárið 2021: Sigursveinn Þórðarson formaður, Sigurjón Pálsson. Pálmi Harðarson, Styrmir Jóhannsson, Hallgrímur Steinsson, Una Þóra Ingimarsdóttir og Óðinn Kristjánsson.

Á fyrsta fundi stjórnar skipti stjórnin með sér verkum. Sigurjón Pálsson varaformaður og Pálmi Harðarson gjaldkeri. Haldnir voru 6 bókaðir stjórnarfundir og auk þess var fjöldi funda í nefndum.

Kjörnir endurskoðendur: Gunnar Gunnarsson og Guðni Sigurðsson.

Eftirtaldir voru formenn fastanefnda:

Móta og markaðsnefnd: Styrmir Jóhannsson.

Vallar- og húsanefnd: Sigurjón Pálsson.

Unglinga- og afreksnefnd: Hallgrímur Steinsson.

Kvenna- og nýliðanefnd: Harpa Gísladóttir.

Öldunganefnd: Óðinn Kristjánsson.

Eftirtaldir gegndu stjórnunarstörfum fyrir GV á starfsárinu:

Framkvæmdastjóri – Elsa Valgeirsdóttir

Yfirþjálfari – Karl Haraldsson

Vallarstjóri – Guðgeir Jónsson.

Í sumar voru 17 starfsmenn en stöðugildi á ársgrunni eru 9. Auk þess tók fjöldi félagsmanna þátt í verkefnum hjá klúbbnum í sjálfbodaliðastarfi á árinu og eins nutum við góðs af samstarfi við Vestmannaeyjabæ og vorum með 6 unglunga úr vinnuskólanum hjá okkur hluta úr sumri. Stjórn GV þakkar öllum sem störfuðu fyrir klúbbinn fyrir vel unnin störf.

Guðgeir Jónsson sneri aftur til starfa hjá GV sem vallarstjóri og bjóðum við hann velkominn til starfa á ný. Gríðarlega mikilvægt er að hafa reynslumikinn einstakling í því starfi og væntum við mikils af störfum hans nú sem fyrr.

Árið 2021 voru 19 mót á vegum GV á golf.is. Þá voru tvö stórmót á vegum GSÍ á vellinum, annars vegar Íslandsmót eldri kylfinga og hins vegar Íslandsmót golfklúbba 50 ára og eldri, 2. og 3. deild.

10 fjölmennustu mót í Vestmannaeyjum 2021:

1. Icelandair Volcano Open	210
2. Hjóna og parakeppni Golf saga	156
3. Texas Scramble mót Ölgerðarinnar	101
4. Sjómannamót Ísfélags VM	94
5. Böddabítamótið	91
6. GV Opnunarmót	80
7. 2B Open	80
8. Úlli Open	71
9. Meistaramót GV	61
10. Fyrirtækjakeppni GV	56



Andri Erlingsson og Þórður Örn Gunnarsson sigruðu í fyrirtækjakeppni GV 2021.



Kvennasveit GV 50+ hélt sæti sínu í efstu deild.

Metþátttaka var í okkar stærsta móti, Icelandair Volcano Open en yfir 200 þátttakendur voru þetta árið. Eins er það okkur mikil ánægja hversu hratt hjóna og parakeppni GV og Golf Saga adventura hefur vaxið síðustu ár. Í þessum mótum hefur tíðkast að vera með „shotgun“ ræingu en tekin var ákvörðun um að breyta til þetta árið og vera með rástíma. Sú breyting hafði bæði kosti og galla en stærsti kosturinn er sá að mun meiri sveigjanleiki skapast með rástíma og þátttakendafjölda. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig mótafyrirkomulag verður árið 2022.

Ágætis þátttaka var í öðrum mótum þetta árið. Mótanefnd tók þá ákvörðun að færa meistaramótið frá venjubundnum dagsetningum sem er aðra helgina í júlí en sú helgi er tekin frá fyrir meistaramót golfklúbba ár hvert. Meistaramótið var haldið síðustu helgina í júní en þá er jafnframt peyjámót í fótbolta í Eyjum. Var þetta gert til prufu þar sem lítil þátttaka hefur verið í meistaramóti GV um margra ára skeið. Þátttaka var hins vegar svipuð árið 2021 og hefur verið árin þar á undan. Það verður hlutverk mótanefndar í nýrri stjórn að ákveða tímasetningu á meistaramóti GV árið 2022.

Karlasveit GV var í efstu deild og var hársbreidd frá því að vinna til verðlauna í mótinu. Niðurstaðan var 4. sæti eftir að sveitin tapaði fyrir GOS í leik um þriðja sætið. Glæsilegur árangur sveitarinnar sem var þannig skipuð: Kristófer Tjörvi Einarsson, Einar Gunnarsson, Karl Haraldsson, Hallgrímur Júlíusson, Rúnar Þór Karlsson, Lárus Garðar Long, Daníel Ingi Sigurjónsson og Sigurbergur Sveinsson.

Kvennasveit GV var í efstu deild og var keppt á tveimur völlum, Korpúlfsstaðavelli og Hlíðavelli í Mosfellsbæ. Sveitin endaði í 7. sæti og halda þar með sæti sínu í 1. deild. Sveitin var þannig skipuð: Alda Harðardóttir, Ásta Björt Júlíusdóttir, Hrönn Harðardóttir, Katrín Harðardóttir, Sara Jóhannsdóttir, Thelma Sveinsdóttir, Guðlaug Gísladóttir og Þóra Ólafsdóttir.

Karlasveit GV 50 ára og eldri keppti í 2. deild á heimavelli 19. – 21. ágúst. Sveitin endaði í 5. sæti og verður því áfram í 2. deild á komandi sumri. Sveit GV var þannig skipuð: Aðalsteinn Ingvarsson, Guðjón Grétarsson, Hlynur Stefánsson, Helgi Bragason, Helgi Sigurðsson, Jóhann Pétursson, Jónas Jónasson, Sigurjón Hinrik Adolfsson og Sigurjón Pálsson.

Kvennasveit GV 50 ára og eldri keppti í 1. deild á Kirkjubólsvelli hjá Golfklúbba Sandgerðis dagana 19 – 21. ágúst. Sveitin hélt sæti sínu í deild þeirra bestu en sveitin endaði í 7. sæti. Sveit GV var þannig skipuð: Alda Harðardóttir, Elsa Valgeirsdóttir, Freyja Önundardóttir, Guðmunda Bjarnadóttir, Hrönn Harðardóttir, Katrín Harðardóttir, Þóra Ólafsdóttir og Unnur Sigmarsdóttir.

Karlasveit GV 50+ keppti á heimavelli síðastliðið sumar



Landsmót golfklúbba í hópi eldri kylfinga, 65 ára og eldri var haldið í fyrsta skipti á Öndverðarnesvelli hjá Golfklúbba Öndverðarness í ágústmánuði. Alls sendu 10 golfklúbbar lið til keppni og var GV einn af þeim klúbbum. Liðið endaði í 8. sæti. Sveit GV var þannig skipuð: Guðmundur Guðlaugsson, Hjalti Elísson, Hallgrímur Júlíusson, Haraldur Óskarsson, Sigurður Þór Sveinsson, Stefán Sævar Guðjónsson, Yngvi Geir Skarphéðinsson og Þórður Hallgrímsson.

Meistaramót GV var haldið dagana 23 – 26. júní og voru þátttakendur 61. Örlýgur Helgi Grímsson sigraði í meistaraflokk karla en hann spilaði á tveimur höggum undir pari og bætti þar með 14 ára gamalt mótsmet Gunnars Geirs Gústafssonar um besta skor í meistaramóti GV. Örlýgur var að vinna meistaramótið í 14. sinn og hefur þar með jafnað met Sveins Ársælssonar um fjölda titla. Kristófer Tjörvi Einarsson var í 2. sæti en hann bætti met um besta hring í Meistaramóti GV þegar hann kom inn á 66. höggum á þriðja keppnisdegi. Í þriðja sæti varð Lárus Garðar Long.

Katrín Harðardóttir sigraði í kvennaflokki en hún spilaði fjóra hringi á 364 höggum og sigraði með 14 högga mun. Var þetta í fjórða skiptið sem Katrín verður klúbbmeistari. Í öðru sæti varð Sara Jóhannsdóttir og Guðlaug Gísladóttir í því þriðja.

Sigurveggarar í öðrum flokkum:

1.flokkur kk – Grétar Þór Eyþórsson
2.flokkur kk – Valur Már Valmundsson
Öldungaflokkur kk 50+ - Aðalsteinn Ingvarsson
Öldungaflokkur kk 65+ - Stefán Sævar Guðjónsson
Háforgjaflokkur kvk – Anna Hulda Ingadóttir
Stjórn GV óskar öllum verðlaunahöfum í Meistaramóti GV til hamingju.

Alls tóku 187 meðlimir GV þátt í einu eða fleiri mótum í Vestmannaeyjum síðastliðið sumar. Það eru rúmlega 40% af meðlimum GV.

Á komandi golfsumri fær GV það stóra verkefni að halda Íslandsmótið í högggleik. Mótið var síðast haldið í Vestmannaeyjum 2018. Ljóst er að um gríðarlega umfangsmikið verkefni er að ræða og vonumst við eftir góðum stuðningi og aðstoð frá félagsmönnum.

VÖLLURINN OG SKÁLINN

Á síðasta ári var tekin ákvörðun um að fara í viðbyggingu við skálann með það að markmiði að bæta aðstöðu fyrir golfherma,

stækka sal og bæta við betri salernisaðstöðu. Hefur verið unnið sleitulaust síðan í haust við verkefnið og nýverið var neðri hæð viðbyggingarinnar tekin í notkun en þar hefur tveimur golfhermum GV verið komið fyrir og pláss fyrir þann þriðja. Þá eru framkvæmdir við búninga og salernisaðstöðu kvenna komið vel á veg og vonumst við til að skálinn verði tilbúinn í maí. Margir hafa lagt hönd á plóg í þessu stóra verkefni og vill stjórn GV þakka öllum sem að hafa komið fyrir mikið og gott verk.

Völlurinn var í góðu ásigkomulagi síðasta sumar og í raun sjaldan verið betri. Það verður ærið verkefni að koma vellinum í það stand fyrir komandi sumar. Umtalsverðar skemmdir urðu á vellinum í óveðri í byrjun febrúar síðastliðinn og í raun ekki fullséd með það tjón sem varð þegar þetta er skrifað. Þó ber helst að nefna að teigurinn við 17. braut skemmdist mikið og þarf nánast að byggja hann upp frá grunni. Þá hefur 16. braut orðið fyrir einhverjum skemmdum vegna grjóts sem skolaði á land í miklum sjógangi.

BARNA – UNGLINGA OG AFRESKSTARF GV 2021

Golfklúbbur Vestmannaeyjar er eitt af fyrstu fyrirmyndarfélagum ÍSÍ. Við vinnum eftir þeirri stefnu og stefnu PGA um barna og unglingatörf. GV fékkendurnýjun á fyrirmyndarfélagi árið 2021

Í heildina litið gekk barna og unglingatörf vel. Árið 2020 var erfitt vegna Covid og þær hömlur sem voru settar á starfseminna. Ekki var mikið brottfall af iðkendum útúr því ástandi.

Aðstaða okkur er sífellt að verða betri og var tekinn nýr golfhermir í notkun. Sem stórbætir æfingar yfir vetrarmánuðina. Einnig verður mikill lyftistöng þegar ný félags og æfingaaðstaða verður kominn í gagnið á neðri hæð golfskálans. Þá er hægt að nota þá aðstöðu allt árið í kring. Mikið var um allskonar viðburði, golfmót hjá klúbbnum og einnig fórum við með alla krakkana í fyrsta skipti í skemmti og æfingafærð á Hellishóla.

Ekki var hægt að fara í æfingafærð erlendis vegna heimsfaraldar. Iðkendaöld er í kringum 140.mann sem æfa allt árið um kring og hefur aukist milli ára. Þó hefur vantað fleirri stelpur til að gera þetta að heilsársíprótt. Einnig vantar fleirri iðkendur á aldrursbili 15-18 ára.

Það er stefna okkar að ná fjölgun og einni árangri til lengdri tíma og fá fleirri iðkendur til að taka þátt í mótum á vegum GSÍ. Við lítum björtum augum á framtíðina. Með bættri aðstöðu og góðri þjálfun getur GV náð langt á landsvísu.



Golfakadema GV hefur verið starfrækt síðan 2007 og er markið hennar að æfa tækni og skipulag. 2. Einstaklingur útskrifuðust úr henni árið 2021.

GV leik í efstu deild og náði glæsilegum árangri og mun leika áfram í efstu deild á næsta ári.

Klúbbmeistarar árið 2021 voru Katrín Harðardóttir og Örlygur Helgi Grímsson

AFREKSJÓÐUR GV

Afreksjóður GV heldur utan um allar fjáraflannir sem ætlaðar eru til æfinga og keppnisferðar innan lands og erlendis.

Verkefni árið 2021:

Landsmót Golfklúbba 15 ára og yngri : 4.sæti , Glæsilegur árangur. Margir að taka þátt í fyrsta skipti í GSÍ móti. Alls kepptu 6.einstaklingar.

Landsmót unglunga: Andri Erlingsson hafnaði í 3.sæti í flokknum 14-15 ára. Keppendur alls 3.

Stigamót unglunga / Áskorendamótaröð: Nokkur fjöldi einstaklinga tók þátt í þessum verkefnum fyrir hönd GV.

Íslandsmót Golfklúbba Karla: Sveit GV spilaði í efstu deild. Hafnaði í 4.sæti.

Íslandsmót Golfklúbba Kvenna: Sveit GV spilaði í efstu deild. Hafnaði 7.sæti og leikur áfram í efstu deild á næsta ári.

Lárus Garðar Long og Daníel Sigurjónsson leiku í Ameríku fyrir háskóla sína og náðu góðum árangri.

FÉLAGSSTARFIÐ

Árið 2021 voru 476 félagar skráðir í Golfklúbb Vestmannaeyja sem er rúmlega 8% aukning frá fyrra ári. Konur eru 25% af félagsmönnum sem er svipað og árið 2020. Hlutfall eldri kylfinga er 14%. Meðalaldur kylfings hjá GV er 46 ár.

Vegna framkvæmda voru verulegar takmarkanir á félagsstarfi síðastliðinn vetur og voru golfhermar félagsins lítið nýttir.

Annað árið í röð fékk GV mun fleiri heimsóknir af kylfingum ofan af landi og tekjur vegna vallargjalda því ofar væntingum.

FJÁRMÁL

Hefðbundnar rekstrartekjur GV árið 2021 voru rúmar 115 milljónir og hækkuðu tekjur um 28% á milli ára. Annað árið í röð er mikil hækking á tekjuhluta sem má að mestu rekja til mikillar hækkingar vallargjalda annars vegar og hins vegar myndarlegra styrkja fyrirtækja í Vestmannaeyjum. Tekjur af vallargjöldum hækkuðu um tæplega 45% á árinu og framlög og styrkir um 27%.

Á síðasta ári náðist samningur við Vestmannaeyjabæ um framlög vegna nýbyggingar við skála klúbbsins. Felur hann í sér framlög við framkvæmdir sem nemur eignarhlut bæjarins á nýbyggingu. Verður eignarhluturinn 49% en fullt forræði yfir byggingunni er hjá GV. Samningur þessi er gríðarlega mikilvægur fyrir rekstrarafkomu klúbbsins og verður til þess að lánþökur verða í algjöru lágmarki. Stjórn GV er mjög ánægt með þann samning sem náðist og þann skilning sem stjórnendur Vestmannaeyjabæjar sýndu við samningagerð. Er þessi samningur óháður fyrri samningum GV við bæjaryfirvöld.

Tillaga um ársgjald

Gerð er eftirfarandi tillaga að árgjöldum fyrir árið 2022:

Skipting félagsmanna:	Gjaldskrá 2021	Tillaga 2022
Fullt gjald	90.000	95.000
70 ára og eldri	63.000	66.500
Nýliðagjald 1.ár	63.000	66.500
Nýliðagjald 2.ár	76.500	80.000
Nemagjald (fullorðinn)	63.000	66.500
19-27 ára	45.000	47.500
14-17 ára	35.000	37.000

Hækkun almennra gjalda er um 5% sem er sambærilegt við það sem aðrir klúbbar hafa tilkynnt. GV er með þeim klúbbum sem innheimta lægstu árgjöld af þeim klúbbum sem við berum okkur alla jafna saman við. Þessir klúbbar eru allir að reka 18 holu golfvelli en eru þó með mun fleiri iðkendur en GV.

Klúbbur	Almennt gjald	Öldungar	19-27 ára	14-17 ára
GV	95.000	66.500	48.000	35.000
GA	117.000	96.000	64.000	51.000
GS	98.000	68.800	49.000	14.700
GM	131.000	98.600	65.900	29.900
GK	131.000	98.250	65.500	32.750
GKG	131.000	104.800	65.500	30.400
GO	140.000	112.000	70.000	42.000
GL	97.000	73.000	35.000	26.000

AÐ LOKUM

Þrátt fyrir heimsfaraldur vegna Covid-19 má GV vel við una með starfið á árinu. Við náðum að halda okkar helstu mót, þó vissulega hafi verið færri mót þetta árið en á venjulegu ári. Þá má segja að völlurinn hjá okkur hafi fengið enn meiri kynningu þetta árið og er almennt rómaður af kylfingum, sama hvaðan þeir koma.

Fjárfrek framkvæmd við viðbyggingu skálans hefur eðli málsins samkvæmt verið allsráðandi síðustu mánuði. Enn er töluvert í land þar til hægt verði að opna skálann eins og við viljum hafa hann en vonandi verður hann kominn í gagn við fyrri hluta mánaðar. Við þá framkvæmd bjuggum við að góðri fjárhagsstöðu klúbbsins frá síðasta ári og þá hefur það auðveldað okkur verulega gríðarlegur skilningur og fjárhagsstyrkir frá góðum fyrirtækjum hér í bæ. Er þeim þakkað sérstaklega fyrir góðan hug í garð okkar hjá GV. Á endaspretti framkvæmdanna er gríðarlega mikilvægt að vel sé haldið á spilunum svo kostnaður fari ekki fram úr áætlunum. Árið sem nú er nýgengið í garð er spennandi og jafnframt krefjandi fyrir GV. Íslandsmótið í högggleik verður haldið hér helgina eftir Þjóðhátíð og verður mikið verk að koma vellið í gott ástand eftir hátíðarhöld í Herjólfssdal. Erum við fullviss um að vel takist til í þeim efnum með hjálp félagsmanna og góðu samstarfi við ÍBV.

Vorið verður tími tiltekta og lagfæringar á velli eftir suðaustan hvell sem gekk yfir í byrjun febrúar. Óljóst er enn um umfang verkefnisins.

Verkefnin eru mörg og misjöfn framundan og tökumst við full tilhlökkunar á við þau öll.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbs Vestmannaeyja

Sigursveinn Þórðarson
Formaður GV



ÁRSREIKNINGUR 2021

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA

ÁRITUN STJÓRNAR

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Golfklúbbs Vestmannaeyja koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu klúbbsins í lok reikningsárs 31. desember 2021, reksrarreikningi 1. janúar 2021 – 31. desember 2021 og fjárhagslegri þróun tímabilsins.

Hagnaður að fjárhæð kr. 37.122.276 - var af rekstri Golfklúbbsins á árinu 2021 og er sú fjárhæð færð til hækkunar á óraðstöfuðu eigið fé frá fyrra ári.

Í lok rekstrarársins er eigið fé kr. 240.112.965 -

Innréttingar, vélar og áhöld eru afskrifuð um 15% ári og fasteign um 3%

Stjórn, varastjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbs Vestmannaeyja staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir rekstrarárið 1. janúar 2021 til 31. desember 2021 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum 22. febrúar 2022

Í stjórn

Sigursveinn Þórðarson

Sigurjón Pálsson

Hallgrímur Steinsson

Óðinn Kristjánsson

Styrmir Jóhannsson

Pálmi Harðarson

Una Þóra Valdimarsdóttir

Framkvæmdastjóri

Elsa Valgeirsdóttir

ÁRITUN



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Vestmannaeyja, höfum skoðað ársreikning þennan fyrir rekstrartímabilið 1. janúar 2021 til 31. desember 2021 og ekkert fundið athugavert.

Við höfum sannreynt bankainnistæður og yfirfarið skuldastöðu klúbbsins og stemma þessir liðir ársreikningsins.

Með tilliti til góðrar skoðunarvenju teljum við ársreikning þennan gefa glögga mynd af rekstri Golfklúbbs Vestmannaeyja fyrir tímabilið 1. janúar 2021 til 31. desember 2021 og efnahag klúbbsins 31. desember 2021.

Vestmannaeyjum 22. febrúar 2022

Gunnar Gunnarsson

Guðni Sigurðsson

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur		115.730.161	90.623.944
Kostnaðarverð seldra vara		(14.036.101)	(12.434.666)
Laun og annar starfsmannakostnaður		(41.037.200)	(40.319.036)
Annar rekstrarkostnaður		(34.569.062)	(37.378.821)
Afskriftir fastafjármuna	2	(8.574.496)	(8.295.008)
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði		17.513.302	(7.803.587)
Fjármunatekjur		36.252	30.907
Fjármagnsgjöld		(427.278)	(385.653)
	1	(391.026)	(354.746)
Framlag til aðstöðu		20.000.000	15.000.000
Hagnaður ársins		37.122.276	6.841.667

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Innréttingar		374.751	553.701
Golfvöllur		90.000.000	90.000.000
Vélar og áhöld		21.486.107	22.110.261
Fasteign		123.110.306	71.973.999
Trackman & EYE XO - golfhermir		6.960.716	7.121.739
		<u>241.931.880</u>	<u>191.759.700</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		565.620	350.000
Viðskiptakröfur		2.433.601	1.364.190
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja		800.000	800.000
Aðrar skammtímakröfur	3	124.658	42.257
Handbært fé	3	16.749.840	19.677.012
		<u>20.673.719</u>	<u>22.233.459</u>
Eignir		<u>262.605.599</u>	<u>213.993.159</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé - flutt frá fyrra ári		202.990.689	196.149.022
Afkoma ársins		37.122.276	6.841.667
Eigið fé		<u>240.112.965</u>	<u>202.990.689</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir		6.503.721	6.987.537
		<u>6.503.721</u>	<u>6.987.537</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		14.133.481	1.281.081
Næsta árs afborgun langtímaskulda		433.581	216.702
Aðrar skammtímaskuldir	4	1.421.851	2.517.150
		<u>15.988.913</u>	<u>4.014.933</u>
Skuldir		<u>22.492.634</u>	<u>11.002.470</u>
Eigið fé og skuldir		<u>262.605.599</u>	<u>213.993.159</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta		17.513.302	(7.803.587)
Framlag til aðstöðu		20.000.000	15.000.000
Afskriftir		8.574.496	8.295.008
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>46.087.798</u>	<u>15.491.421</u>
Vörubirgðir, (hækkun)		(215.620)	0
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(1.151.812)	1.708.875
Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		11.733.792	(64.736)
Handbært fé frá rekstri án vaxta		<u>56.454.158</u>	<u>17.135.560</u>
Innborgaðir vextir		36.252	30.907
Greiddir vextir		(403.969)	(519.484)
Handbært fé frá rekstri		<u>56.086.441</u>	<u>16.646.983</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir		(58.746.676)	(8.154.993)
		<u>(58.746.676)</u>	<u>(8.154.993)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(266.937)	(216.702)
		<u>(266.937)</u>	<u>(216.702)</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(2.927.172)	8.275.288
Handbært fé í upphafi árs		19.677.012	11.401.724
Handbært fé í lok árs		<u>16.749.840</u>	<u>19.677.012</u>

Skýringar

1. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2021	2020
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	36.252	30.907
	36.252	30.907
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(427.278)	(385.653)
	(427.278)	(385.653)
	(391.026)	(354.746)

2. Afskriftir

Afskriftir rekstrarfjármuna greinast þannig:	Afskr. %	2021	2020
Innréttingar	15%	178.950	178.950
Vélar og áhöld	15%	5.714.330	5.233.025
Fasteign	3%	1.363.693	2.213.234
Trackman & EYE XO- golfhermir	15%	1.317.523	669.799
		8.574.496	8.295.008

3. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Virðisaukaskattur	124.658	42.257
	124.658	42.257

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2021	31.12.2020
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	16.741.680	19.654.648
Sjóður	8.160	22.364
	16.749.840	19.677.012

4. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Ógreidd laun og launatengd gjöld	1.081.345	2.199.953
Ógreiddir áfallnir vextir	340.506	317.197
	1.421.851	2.517.150

Sundurliðanir

	2021	2020
Rekstrartekjur		
Árgjöld og námskeiðsgjöld	27.678.500	24.447.450
Framlög og styrkir	18.260.513	14.364.947
Móta- og vallargjöld, útleiga skápa, bíla o.fl.	51.931.883	35.846.109
Golfhermir	916.500	846.100
Veitingasala og sala varnings	16.942.765	15.119.338
	<u>115.730.161</u>	<u>90.623.944</u>
Kostnaðarverð seldra vara		
Vörukaup innanlands	14.036.101	12.434.666
	<u>14.036.101</u>	<u>12.434.666</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður		
Vinnulaun	31.029.722	27.817.367
Bifreiðastyrkir	2.995.000	2.700.000
Dagpeningar	3.530.000	2.960.000
Tryggingagjald	2.319.241	2.166.019
Lífeyrissjóður	4.026.769	3.614.652
Önnur sjóðagjöld	504.822	441.125
Eignfærður launakostnaður v. nýbyggingar	(3.500.000)	0
Annar starfsmannakostnaður	131.646	619.873
	<u>41.037.200</u>	<u>40.319.036</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Sími og burðargjöld	375.073	407.386
Pappír, prentun og ritföng	792.939	259.929
Rafmagn, hiti og vatn	1.824.948	1.692.713
Viðhald húsnæðis og tækjageymslu	1.637.692	3.048.626
Vátryggingar húsnæðis og tækja	757.074	720.928
Fasteignagjöld	677.150	674.638
Annar húsnæðiskostnaður	570.950	519.959
Sandur, áburður, fræ o.fl.	5.084.439	5.685.154
Framkvæmdir á velli	2.804.797	4.952.049
Bensín og olíur	1.070.503	761.052
Smááhöld	517.833	1.281.451
Varahlutir - viðhald áhalda og tækja	3.681.859	3.660.014
Auglýsingar	316.032	285.803
Móta- og keppniskostnaður	3.661.812	4.118.053
Námskeið og golfskóli	4.721.954	3.946.583
Félags- og aðildargjöld	3.045.380	2.319.840
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur	401.990	581.990
Leyfisgjöld	430.249	260.819
Ýmis kostnaður	1.819.216	1.831.863
Þjónustugjöld banka og færsluhirða	377.172	369.971
	<u>34.569.062</u>	<u>37.378.821</u>



REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNINGUR 2017-2021

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA

REKSTRARREIKNINGUR 2017 - 2021

Rekstartekjur		2021	2020	2019	2018	2017
Veitingasala	kr.	16.942.765	15.119.338	10.419.616	10.837.885	8.861.297
Móta- og vallargjöld	kr.	51.931.883	35.846.109	27.545.160	30.740.200	14.134.542
Golfhermir	kr.	916.500	846.100	0	0	0
Árgjöld og námskeiðsgjöld	kr.	27.678.500	24.447.450	20.695.900	18.734.431	18.831.150
Framlög og styrkir	kr.	18.260.513	14.364.947	12.667.410	14.320.731	20.120.992
Rekstrartekjur alls	kr.	115.730.161	90.623.944	71.328.086	74.633.247	61.947.981
Rekstarkostnaður						
Vörunotkun	kr.	14.036.101	12.434.666	6.765.713	8.523.343	7.186.143
Laun og launatengd gjöld	kr.	41.037.200	40.319.036	32.727.343	29.857.127	32.583.685
Annar rekstarkostnaður	kr.	34.569.062	37.378.821	36.539.351	36.708.194	32.169.868
Fyrningar	kr.	8.574.496	8.295.008	7.250.375	8.197.948	6.491.290
Rekstrarkostnaður alls	kr.	98.216.859	98.427.531	83.282.782	83.286.612	78.430.986
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði		17.513.302	-7.803.587	-11.954.696	-8.653.365	-16.483.005
Fjármunatekjur og gjöld						
Vaxtatekjur	kr.	36.252	30.907	231.227	90.329	166.968
Vaxtagjöld og verðbætur	kr.	-427.278	-385.653	-617.816	-594.754	-1.144.489
Fjármunatekjur og gjöld alls	kr.	-391.026	-354.746	-386.589	-504.425	-977.521
Aðrar tekjur						
Önnur framlög	kr.	20.000.000	15.000.000	15.000.000	15.000.000	18.450.000
	kr.	20.000.000	15.000.000	15.000.000	15.000.000	18.450.000
Hagnaður ársins	kr.	37.122.276	6.841.667	2.658.715	5.842.210	989.474

EFNAHAGSREIKNINGUR 2017 - 2021

Eignir

		2021	2020	2019	2018	2017
<u>Veltufjármunir:</u>						
Handbært fé	kr.	16.749.840	19.677.012	11.401.724	2.451.085	4.677.799
Viðskiptakröfur	kr.	2.433.601	1.364.190	3.056.271	2.262.934	2.086.231
Aðrar skammtímakröfur	kr.	124.658	42.257	59.051	85.385	109.701
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja	kr.	800.000	800.000	800.000	800.000	800.000
Vörubirgðir	kr.	565.620	350.000	350.000	350.000	350.000
Veltufjármunir alls	kr.	20.673.719	22.233.459	15.667.046	5.949.404	8.023.731
<u>Fastafjármunir:</u>						
Innréttingar.....	kr.	374.751	553.701	732.651	861.942	1.014.049
Golfvöllur.....	kr.	90.000.000	90.000.000	90.000.000	90.000.000	90.000.000
Vélar og áhöld	kr.	21.486.107	22.110.261	24.638.791	28.986.813	18.172.133
Trackman - EYE XO	kr.	6.960.716	7.121.739	2.791.051	3.283.589	3.863.046
Fasteign.....	kr.	123.110.306	71.973.999	73.737.222	76.017.746	78.368.810
Fastafjármunir alls	kr.	241.931.880	191.759.700	191.899.715	199.150.090	191.418.038
EIGNIR SAMTALS	kr.	262.605.599	213.993.159	207.566.761	205.099.494	199.441.769

EFNAHAGSREIKNINGUR 2017 - 2021

Eignir

		2021	2020	2019	2018	2017
<i>Veltufjármunir:</i>						
Handbært fé	kr.	16.749.840	19.677.012	11.401.724	2.451.085	4.677.799
Viðskiptakröfur	kr.	2.433.601	1.364.190	3.056.271	2.262.934	2.086.231
Aðrar skammtímakröfur	kr.	124.658	42.257	59.051	85.385	109.701
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja	kr.	800.000	800.000	800.000	800.000	800.000
Vörubirgðir	kr.	565.620	350.000	350.000	350.000	350.000
<i>Veltufjármunir alls</i>	kr.	20.673.719	22.233.459	15.667.046	5.949.404	8.023.731
<i>Fastafjármunir:</i>						
Innréttingar	kr.	374.751	553.701	732.651	861.942	1.014.049
Golfvöllur	kr.	90.000.000	90.000.000	90.000.000	90.000.000	90.000.000
Vélar og áhöld	kr.	21.486.107	22.110.261	24.638.791	28.986.813	18.172.133
Trackman - EYE XO	kr.	6.960.716	7.121.739	2.791.051	3.283.589	3.863.046
Fasteign	kr.	123.110.306	71.973.999	73.737.222	76.017.746	78.368.810
<i>Fastafjármunir alls</i>	kr.	241.931.880	191.759.700	191.899.715	199.150.090	191.418.038
<i>EIGNIR SAMTALS</i>	kr.	262.605.599	213.993.159	207.566.761	205.099.494	199.441.769

EFNAHAGSREIKNINGUR 2017 - 2021

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	2021	2020	2019	2018	2017
<u>Skammtímaskuldir:</u>					
Ógreiddir áfallnir vextir..... kr.	340.506	317.197	451.028	427.998	961.261
Ógreiddar viðskiptaskuldir..... kr.	14.133.481	1.281.081	2.749.225	1.381.052	1.671.383
Næsta árs afborganir langtímalána..... kr.	433.581	216.702	184.153	184.153	379.396
Ógreitt vegna starfsfólks..... kr.	1.081.345	2.199.953	796.545	2.178.114	1.354.852
Skammtímaskuldir alls kr.	15.988.913	4.014.933	4.180.951	4.171.317	4.366.892

Langtímaskuldir:

Íslandsbanki Nr. 188559 - ÓVT..... kr.	6.937.302	7.204.239	7.420.941	7.622.023	7.806.176
kr.	6.937.302	7.204.239	7.420.941	7.622.023	7.806.176
Næsta árs afborganir langtímalána..... kr.	433.581	216.702	184.153	184.153	379.396
Langtímaskuldir alls kr.	6.503.721	6.987.537	7.236.788	7.437.870	7.426.780

Skuldir alls kr.	22.492.634	11.002.470	11.417.739	11.609.187	11.793.672
-------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári..... kr.	202.990.689	196.149.022	193.490.307	187.648.097	186.658.623
Hagnaður (- tap) ársins..... kr.	37.122.276	6.841.667	2.658.715	5.842.210	989.474
Annað eigið fé alls kr.	240.112.965	202.990.689	196.149.022	193.490.307	187.648.097

Eigið fé alls kr.	240.112.965	202.990.689	196.149.022	193.490.307	187.648.097
--------------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------

SKULDIR & EIGIÐ FÉ SAMT. kr.	262.605.599	213.993.159	207.566.761	205.099.494	199.441.769
-----------------------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------



Sigurvegjarar í Icelandair Volcano Open ásamt Boga Nils Bogasyni forstjóra Icelandair.



Það var líf og fjör í golfskóla GV

